

AUGLÝSING

um hækkun holræsagjalda í Fjarðabyggð.

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og samþykktar um fráveitu í Fjarðabyggð nr. 955/2003 hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkt að hækka álagningarhlutfall fráveitugjalds skv. 19. gr. samþykktarinnar í 0,25% af fasteignamati skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Hækkun var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 18. desember 2003 og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 23. janúar 2004.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.